

Ed.

297. Nefndarátt

um frv. til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar álitur nauðsyn, að allmargir íslenskir námsmenn geti árlega dvalið og leitað sjer þroska erlendis. Á fjölmörgum sviðum vantar karla og konur með sjerþekkingu á mörgum störfum, sem þarf að vinna hjer á landi, þó að hjer sje ekki hægt að stunda slíkt nám. Höfuðgalli frv. eins og það liggur nú fyrir er, að það nær of skamt. Það gerir ráð fyrir nauðsyn stúdentanna til að njóta námsskilyrða erlendis, en gleymir öllum öðrum námsmönnum. Styrkur, sem lengi hefir verið veittur til iðnaðarnáms, er feldur niður. Hjúkrun, vjelfræði, húsagerð, vegagerð og allskonar iðnaðarnám er afskift með öllu. Hjer er lagt til að bæta úr þessu með því, að auka við jafnmiklu fje handa öðrum námsmönnum, sem þjóðina vanhagaði um.

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 3. grein komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra er og heimilt að veita 16 nemendum, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, alt að 1200 króna námsstyrk hverjum árlangt til náms erlendis. Geta jafnt orðið styrksins aðnjótandi konur sem karlar. Sami nemandi getur fengið styrk þrjú ár í röð, ef námið er svo langt, en aldrei skulu fleiri en 16 njóta styrks þessa samtímis. Styrk þennan má nota til hverskonar sjerfræðilegs náms, sem ekki verður numið hjer á landi, eða ekki til fulls, enda telji ráðherra nauðsyn til bera, vegna almennra hagsmuna, að til sjeu hjer á landi menn, er þá þekkingu hafa.

Alþingi, 4. apríl 1925.

Jónas Jónsson.